




Evrópska Lýðræðisvikan



Ráðstefna Sveitarog Héraðsstjórna Evrópuráðsins



Hvað er Evrópska Lýðræðisvikan (ELDW)?

“Evrópska lýðræðisvikan” (ELDW) er haldin um alla Evrópu í þeim tilgangi að hvetja samræðu staðaryfirvalda og borgara, til þess að efla lýðræði á svæðinu og almenna þátttöku borgara.

Héraðs- og sveitarstjórnnum í 47 aðildarríkjum Evrópuráðsins er boðið að skipuleggja opinbera viðburði í því skyni að:

- ▶ **Vekja** athygli íbúa í Evrópu á lýðræði í sveitarfélögum til að auka þekkingu þeirra og þátttöku í sveitarstjórnarmálum;
- ▶ **Hvetja** kjörna fulltrúa til að auka og dýpka samræðu þeirra við íbúa til að efla staðbundið lýðræði;
- ▶ **Kynna** starf Evrópuráðsins og Sveitarstjórnarþings þess til að styrkja staðbundið lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum alls staðar í Evrópu.

Þátttakendur geta valið að halda evrópsku lýðræðisvikuna **hvenær ársins** sem hentar. Það væri við hæfi að skipuleggja **viðburð** í kringum **15. október** í tilefni af Evrópusáttmálanum um sjálfstjórn sveitarfélaga, en þann dag var sáttmálinn lagður fram til undirritunar árið 1985.

Mælt er með að sveitafélög tilnefni þekktan einstakling á staðnum til þess að vera “rödd Evrópskrar lýðræðisviku” og með það hlutverk að kynna átakið sem meðmælandi og sendiherra þess.

Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins hefur yfirumsjón með framkvæmd ELDW.



Hvernig er hægt að taka þátt í Evrópsku Lýðræðisvikunni?

3 SKREF AÐ ÞÁTTTÖKU Í ELDW

- 1 Fyllið út skráningareyðublaðið á netinu www.coe.int/demoweek-registration og fáið eigin ELDW aðgang.
- 2 Skipuleggið viðburði sem tengjast meginþema ársins og málefnum ofarlega á baugi í ykkar samfélagi og notið ELDW auðkennin.
- 3 Gerið viðburði ykkar sýnilega á vefsíðu ELDW með því að hlaða þeim niður í gegnum þinn aðgang að síðunni.

Allar upplýsingar um skráningu er hægt að nálgast á vefsíðu ELDW:

www.coe.int/demoweek

Á vefsíðu ELDW er að finna:

- ▶ Almennar upplýsingar, hugmyndir um þema, tilvísunarefni, viðburði fyrri ára og verkfæri;
- ▶ Kennimerki, veggspjöld og bæklinga sem hægt er að hlaða niður á mörgum tungumálum;
- ▶ Lista yfir landsfulltrúa ELDW, samstarfssamtök og tengiliði fyrir ELDW teymi Evrópuþingsins;
- ▶ Netvettvang sem ætlað er að þróa sjálfstætt kerfi fyrir milliliðalaus samskipti og deilingu á reynslu þátttakenda.

Hver er virðisaukinn af ELDW fyrir þitt samfélag?



- ▶ **Stuðla** að þátttökuhefð með því að virkja íbúa til athafna í nærsamfélaginu og sveitarstjórnarmálum;
- ▶ **Skapa** styrkari og betri farvegi fyrir þátttöku íbúa í málefnum nærsamfélagsins og auka þekkingu þeirra á evrópskum stofnunum;
- ▶ **Efla** traust íbúa á kjörnum fulltrúum og stofnunum með því að hvetja til þátttöku íbúa í opnara og gagnsærra ákvörðunarferli;
- ▶ **Auka** skilning á gagnkvæmri ábyrgð íbúa, kjörinna fulltrúa og sveitarfélaga;
- ▶ **Styrkja** tilfinningu um sameiginlegt markmið íbúa og kjörinna fulltrúa þeirra;
- ▶ **Gefa** evrópskri skírskotun vægi í samfélagsverkefnum.

Frekari upplýsingar



democracy.week@coe.int



www.coe.int/demoweeek



www.coe.int/congress

Evrópuráðið er í fararbroddi stofnana í Evrópu á sviði mannréttindamála. Aðildarríki þess eru 47 og af þeim eru 27 aðilar að Evrópusambandinu. Sveitarstjórnarþingið er stofnun innan Evrópuráðsins sem hefur það hlutverk að efla lýðræði í stjórn sveitarfélaga og héraða í öllum 47 aðildarríkjum þess. Á vettvangi þingsins, sem starfar í tveimur deildum, deild sveitarfélaga og deild héraðsstjórna, og þremur nefndum, koma saman 648 kjörnir fulltrúar frá meira en 150,000 sveitar- og héraðsstjórnunum.

The Congress



Le Congrès

COUNCIL OF EUROPE



CONSEIL DE L'EUROPE